

Reglur um frístundastyrk barna og ungmenna í Rangárþingi eystra

1.gr. *Markmið*

Markmið reglna þessara er að stuðla að virkri þátttöku barna og ungmenna í Rangárþingi eystra í uppbyggilegu frístundastarfi, efla líkamlega, andlega og félagslega velferð þeirra og tryggja jafnt aðgengi að slíku starfi, óháð efnahag.

2.gr. *Réttur til frístundastyrks*

Rétt til frístundastyrks eiga börn og ungmenni með lögheimili í Rangárþingi eystra frá 1. janúar á því ári sem barnið nær 6 ára aldri og til 31. desember þess árs sem þau ná 18 ára aldri.

3.gr. *Fjárhæð styrks*

Frístundastyrkur til hvers barns skal nema kr. 57.000 á ári. Styrkurinn gildir fyrir viðkomandi almanaksár og fellur niður hafi hann ekki verið nýttur fyrir lok þess. Óheimilt er að flytja ónýtta fjárhæð frístundastyrks milli almanaksára.

4.gr. *Styrkhæft frístundastarf*

Frístundastyrk er heimilt að nýta til greiðslu þátttökugjalda í skipulögðu og reglubundnu frístundastarfi svo sem:

1. Íþróttastarf
2. Tónlistar- og listnám
3. Leiklistar-, dans- og skapandi störf
4. Öðru uppbyggilegu starfi sem sveitarfélagið metur styrkhæft

Skilyrði er að starfsemin sé skipulögð undir stjórn ábyrgðaraðila og skuli standa yfir í að minnsta kosti sex vikur eða samsvara öðru reglubundnu starfi innan sama almanaksárs.



5.gr.

Takmarkanir

Frístundastyrkur nær ekki til:

1. Kaupa á búnaði, fatnaði eða persónulegum áhöldum
2. Ferða- og gistigjöld, þar með taldar utanlandsferðir

6.gr.

Umsókn og ráðstöfun

Rangárþing eystra notar snjallforritið Abler til að halda utan um skráningu, ráðstöfun og yfirlit frístundastyrks. Frístundastyrkur greiðist beint til viðurkennds þjónustuaðila. Heimilt er að skipta styrknum á milli fleiri en eins þjónustuaðila innan sama almanaksárs, að því gefnu að samanlögð nýting fari ekki yfir hámarksfjárhæð samkvæmt 3. gr.

7.gr.

Styrkhæfir aðilar

Frístundastyrkur er einungis heimill til nýtingar hjá félögum, fyrirtækjum eða stofnunum sem uppfylla skilyrði sveitarfélagsins og hafa verið skráðir sem styrkhæfir aðilar. Heilsu-, íþrótt- og æskulýðsnefnd metur hvort starfsemi teljist styrkhæf samkvæmt reglum þessum.

8.gr.

Eftirlit og endurkröfur

Sveitarfélagið getur óskað eftir staðfestingu á þátttöku barns í frístundastarfi. Komi í ljós að frístundastyrkur hafi verið nýttur á röngum forsendum eða í andstöðu við ákvæði reglna þessara, er sveitarfélaginu heimilt að krefjast endurgreiðslu og synja um frekari styrkveitingu.

9. gr.

Gildistaka og endurskoðun

Reglur þessar eru í stöðugri endurskoðun og áskilur sveitarfélagið Rangárþing eystra sér rétt til breytinga eftir því sem þörf krefur.

Reglur þessar taka gildi við samþykkt sveitarstjórnar Rangárþings eystra.

Samþykkt í sveitarstjórn Rangárþings eystra 12. mars 2026.